

Ed.

500. Breytingartillögur

[230. mál]

við frv. til l. um stjórn efnahagsmála o. fl.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

1. Við 1. gr. 2. málsg. orðist svo:  
Ráðstafanir stjórnvalda í efnahagsmálum og fjármálum skulu jafnan við það miðaðar, að stefnt sé að framangreindum markmiðum á þann hátt, að þeirra á milli sé hæfilegt jafnvægi og fjárhagslegu öryggi þjóðarinnar sé ekki teft í tvísýnu.
2. Við 6. gr. Síðasti málslíður orðist svo:  
Á sama hátt skulu þjóðhagsforsendur fjárlaga miðast við endurskoðaða þjóðhagsáætlun fyrir fjárhagsárið, sem í hönd fer, eins og hún liggur fyrir við afgreiðslu fjárlaga.
3. Við 7. gr. Upphaf síðari málsg. orðist svo:  
Með áætlun þessari skal sýna meðal annars:
  1. Meginstefnu í ríkisfjármálum og þróun ríkisbúskaparins.
  2. Samræmi milli stefnunar í ríkisfjármálum og í efnahags- og atvinnu- málum.
  4. Líður greinarinnar verði 3. líður og 5. líður 4. líður.
4. Við 10. gr. Í stað „1. apríl“ komi: 1. maí, og í stað „15. apríl“ komi: 15. maí.
5. a. Við 13. gr. Síðari málslíður 1. tl. falli niður.  
b. Við 2. tl. bætist eftirfarandi:  
Skal slíkt mat liggja fyrir áður en ákvarðanir eru teknar, enda sé því skilað til þingnefndar á tilskildum tíma.
6. Við 16. gr. Aftan við greinina bætast orðin: sem hámarksáætlun.
7. Á eftir 30. gr., í VI. kafla, bætist ný grein, 31. grein, sem hér fer á eftir (greina- rōð frv. breytist til samræmis):  
Í stað 2. tl. 5. mgr. 11. gr. laga nr. 10 29. mars 1961 um Seðlabanka Íslands, með síðari breytingum, komi eftirfarandi:  
Enn fremur skulu innlánsstofnanir þær, sem um ræðir í 10. gr., eiga fé á bundnum reikningi í Seðlabankanum sem svarar tilteknum hundraðshluta af innstæðufé viðkomandi stofnunar. Innstæðubindingin má hæst nema 28% af heildarinnstæðufé hjá hverri stofnun.  
Seðlabankinn getur ákveðið, að tiltekinn hluti innlánsaukningar skuli bund- inn á reikningi hjá honum, enda fari heildarinnstæða, sem viðkomandi stofnun sé skylt að eiga í Seðlabankanum, ekki fram úr því hámarki, sem sett er í 2. máls- grein.  
Seðlabankinn setur nánari reglur um framkvæmd innlánsbindingar sam- kvæmt 2. og 3. málsgrein, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, en bindi- skyldan skal vera hin sama fyrir allar stofnanir.

8. Við 36. gr. Greinin orðist svo:  
Seðlabankinn gefur út, hvaða reglur skuli gilda um rekstrar- og afurðalán atvinnuveganna að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar.
9. Við 38. gr. 4. tl. orðist svo:  
4) að grundvöllur verðtryggingar sé sem hér segir:  
a) miðað sé við opinbera skráða vísitölu eða vísitölur eins og þær eru reiknaðar á hverjum tíma;  
b) miðað sé við gengi erlends gjaldeyris þar sem slíkt er heimilt samkvæmt lögum eða reglugerð.
10. Við 49. gr. Lokaorð 1. másl. í 2. tl. „eða til annarra ráðstafana til þess að milda áhrif hækkunar olíuverðs innanlands“ falli niður.
11. Við ákvæði til bráðabirgða á eftir 51. gr. bætist eftirfarandi:

### I.

Grunnkaup þetta skal haldast óbreytt þar til um annað hefur verið samið. Ákvæði þessara laga breyta í engu rétti til að gerðir séu nýir kjarasamningar, jafnt um grunnlaun sem verðlagsbætur á laun.

### II.

Þrátt fyrir ákvæði 50. greinar skal frádráttur frá verðbótavísitölu hinn 1. júní 1979 vegna rýrnandi viðskiptakjara hæst nema 2% af verðbótavísitölu þann dag. Það, sem umfram 2% frádrátt kann að reynast, skal tekið til greina þegar reiknuð verður verðbótavísitala frá 1. september 1979.

Þó skal frádráttur frá hækkun verðbóta skv. ákvæðum 50. gr. ekki breyta rétti til verðbóta hinn 1. júní 1979 á laun, sem lægri eru en 210 000 krónur á mánuði fyrir fulla dagvinnu, sbr. 1. mgr. þessara ákvæða til bráðabirgða. Hinn 1. september 1979 skal breyting verðbóta frá 1. júní vegna viðskiptakjara-áhrifa vera hin sama fyrir þessi laun og aðra launataxta. Hinn 1. desember 1979 skal síðan gilda sama vísitala við ákvörðun verðbóta á öll laun eins og hún verður ákveðin skv. 47. til 50. gr. þessara laga. Kveða skal nánar á með reglugerð um framkvæmd þessara ákvæða, þar með hvað telja skuli laun fyrir fulla dagvinnu og hvernig tryggja skuli, að ákvæði þessi valdi ekki óeðlilegri röskun milli launataxta, og má í því skyni setja reglur um það, hvernig fara skuli með verðbætur á laun sem eru allt að 220 000 krónum á mánuði, sbr. hér að framan.

Þess skal gætt, þegar metin er hæð kauptaxta fyrir fulla dagvinnu, að jafnan sé miðað við endanlegan kauptaxta að meðtöldum hvers konar álögum, þó ekki erfiðis- og óþrifaálagi. Sama skal gilda um kauptaxta, sem ákveðnir eru sem hlutfall af öðrum kauptaxta, að miða skal við hinn endanlega taxta, en ekki grunninn, sem hann er á reistur. Með taxta skal telja hvers konar álög og kaupauka, sem ekki svara með beinum og ótvíráðum hætti til útlags kostnaðar launþega vegna öflunar launatekna. Með taxta skal einnig telja vaktalag að því leyti sem það kann að vera hærra en svarar til eftirvinnu-, næturvinnu- og helgidagaálags.

Þegar metin er hæð mánaðarlauna fyrir fulla dagvinnu skv. ákvæðisvinnutöxtum til ákvörðunar verðbóta skv. þessu ákvæði, skal m. a. taka tillit til þess vinnuálags, sem fylgja kann ákvæðisvinnu, og fyrirliggjandi upplýsinga Kjarrannsóknarnefndar um tekjur ákvæðisvinnufólks.

### III.

Þá skulu elli- og örorkulaun og aðrar hliðstæðar tryggingabætur njóta sömu meðferðar og laun undir 210 000 markinu og frá sama tíma.

12. Við 58. gr. Greinin orðist svo:  
8. gr. laga nr. 56 1978 um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti orðist svo:

Þær samþykktir um hámarksálagningu, hámarksverð og aðra verðlagningu, sem í gildi eru þegar lög þessi koma til framkvæmda, skulu gilda áfram. Þegar samkeppni er nægjanleg getur verðlagsráð að fengnu samþykki ríkisstjórnar vikið frá þessum reglum og meðal annars heimilað að fella einstaka flokka vöru og þjónustu undan verðlagsákvæðum. Hafi slík heimild verið veitt, getur verðlagsstofnun engu að síður skyldað hlutaðeigandi aðila til að tilkynna stofnuninni verðhækkanir. Verðlagsráð getur við sérstakar aðstæður einnig ákveðið eftirtaldar aðgerðir til að ná því takmarki sem um getur í 1. gr:

1. Hámarksverð og hámarksálagningu.
2. Gerð verðútreikninga eftir ákveðnum reglum.
3. Verðstöðvun allt að 6 mánuði í senn.
4. Aðrar reglur um verðlagningu og viðskiptakjör, sem verðlagsráð telur nauðsynlegar hverju sinni.